

OMX I6	481	0.0%	OMX C	338	0.8%	OMX H	1962	0.5%	Dow Jones	9.712	0.0%	FTSE	5.325	0.2%
OMX N40	827	0.9%	OMX S	967	1.3%	OSEBX	363	1.4%	Nasdaq	2.194	1.0%	DAX	5.818	0.8%

Þetta helst ...

MP banki flytur höfuðstöðvar í Ármúla



● MP banki mun flytja höfuðstöðvar sínar úr Skipholti 50d í Ármúla 13a á nýju ári, að því er fram kemur í tilkynningu frá bankanum. Í Ármúla 13a voru áður höfuðstöðvar

SPRON. „Aukin starfsemi og vöxtur bankans kalla á stækkun húsnæðis. Starfsemi MP banka hefur vaxið og dafnað á árinu 2009 ekki síst með tilkomu allhliða viðskiptabankþjónustu og rekstri útibúsins í Borgartúni 26.

Öll aðstæða fyrir starfsmenn og viðskiptavinum verður til fyrirmyndar í nýjum húsnæðnum og mun gera starfsfólki enn betur kleift að sinna þjónustu við viðskiptavinum bankans.“ segir í tilkynningunni.

Spá enn frekari hækkingu á gullverði

● HEIMSMARKAÐSVERÐ á gulli hefur hækkað mjög undanfarna mánuði og misseri og gera sérfræðingar ráð fyrir enn meiri hækkingum.

Nítján af þeim 24 fjórnum sérfræðingum sem Bloomberg fréttastofan ræddi við gera ráð fyrir því að gull hækki í verði í næstu viku, einkum vegna þess að fjárfestar og seðlabankar um heim allan muni sækja í gull til að verjast áhrifum af frekari gengisveikingu dollarans. Segja þeir að aukin eftirspurn eftir gulli vegna veikleika dalsins auk verðbólguáhættu auki líkur á frekari verðhækkingum. bjarni@mbl.is

Nýr vefur um fjármál heimilisins opnaður

● NÝLEGA var opnaður nýr heimilisfjármálavefur, meniga.is, sem er sérhannaður til að aðstoða fólk við að stjórna heimilisfjármálunum. Í frétt frá aðstandendum vefjarins segir að hann hjálpi fólk að bálást heildarfyrirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og bendi á raunhæfar leiðir til sparnaðar, sem séu sérsníðnar að neyslunmynstri hvers og eins.

„Meniga vefurinn greinir neyslunmynstur notanda og bendir þeim á sparnaðarráð, tilboð, afslætti og gagnýtar upplýsingar til að hjálpa þeim að nýta peningana betur,“ segir í fréttinni.

Árétting

● ÓNAKVÆMNI gætti í orðalagi í frétt blaðsins um nýtt frumvarp um innistæðutryggingar í gær. Þar var sagt að hámark innistæðutryggingar fram að bankahruni hefði verið 20 þúsund evrur. Núgildandi lög kveða hinsvegar á um að þessi fjárhæð sé bætt að lágmarki en það sem umfram er af kröfum innistæðueigenda á sjóðinn verði greitt eftir því sem eignir hans hrökkva til.

365 miðlar ehf. skulda tólffaldan rekstrarhagnað

Leggja verður félaginu til milljarð fyrir 1. apríl næstkomandi

Eftir Ívar Pál Jónsson
ivarpall@mbl.is



SAMEINNAÐ félag 365 miðla ehf. og Rauðsólur, eignarhaldsfélags að mestu leyti í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, skuldar 7,4 milljarða króna. Eignir á móti þessum skuldum eru að mestu óefnislegar, eða 5,7 milljarðar króna. Vaxtaberandi skuldir eru 4,8 milljarðar króna. EBITDA-hagnaður síðasta árs nam 398 milljónum króna, sem þýðir að skuldir sameinaðs félags eru tólffaldur rekstrarhagnaður. Almennt er talið að lífvænleg fyrirtæki geti mest

borið skuldir sem eru 3-5-faldur rekstrarhagnaður. Þetta kemur fram í ársreikningi 365 miðla, sem reka m.a. Stöð 2 og Fréttablaðið, fyrir árið 2008. Þar kemur einnig fram að styrkja verður 365 um einn milljarð króna með eiginfjárframlagi fyrir 1. apríl næstkomandi, ef Landsbankinn á ekki að gjaldfella og innheimta lán sín til fyrirtækisins, sem nema rúmlega 4,2 milljörðum króna. Samkvæmt ársreikningnum nam tap 365 miðla eftir skatta tæpum 1,7 milljörðum króna á síðasta ári, en árið á undan var félagið rekið með 628 milljóna króna hagnaði.

Gefur ekki mynd af stöðunni núna

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir að staðan um áramótin gefi ekki mynd af stöðunni eins og hún er orðin núna. „Ég viðurkenni alveg að skuldirnar eru miklar, enda var félagið selt á háu verði og með miklum skuldum frá Íslenskri afþreyingu til Rauðsólur á sínum tíma. Of háu



Ari Edwald

verði, að margra mati,“ segir hann.

Ari segir að mikið hafi verið tekið til í rekstri fyrirtækisins á árinu, rekstrarkostnaður skorinn töluvert niður. Því geri áætlanir ráð fyrir mjög auknum EBITDA-hagnaði á þessu ári, eða 625 milljónum króna, „og við verðum vel yfir þeirri tölu,“ segir hann. Með sama áframhaldi verði næsta ár nær þúsund milljónum.

„Ég tel því að eftir fyrirhugaða hlutfjárlausningu verði efnahagur félagsins í þokkalegu lagi.“

Fjárfestar flykkjast á skuldabréfamarkaðinn

Áframhaldandi þróun gæti leitt til hærri innlánsvaxta




Örn Arnarson
ornarnar@mbl.is

MIKIL velta og töluverðar sviptingar hafa verið á skuldabréfamarkaðnum undanfarna tvo daga. Er þetta rakið til frumvarps viðskiptaráðherra um nýtt þak á heildarfjárhæð tryggðra innistæðna og óvissu um hvenær yfirlýsingar stjórnvalda um að allar innistæður séu tryggðar renni úr gildi. Þetta bætist við þá óvissu sem hefur ríkt um verðbólguhorfur næstu missera.

Síðustu tvo daga vikunnar var veltan á skuldabréfamarkaði um 36 milljarðar og er það með mesta móti miðað við meðaltvötu það sem af er ári. Þeir sérfræðingar sem blaðið ræddi við voru sammála um að þessa veltuaukningu megi rekja til þess að innistæðueigendur væru í auknum mæli að færa sig yfir í ríkisbréf. Óvissan endurspeglast meðal annars í mikilli sókn í stystu verðtryggðu íbúðabréfin. Veltan með HFF'14 nam

Skuldabréfavísitala Gamma



tæpum 6 milljörðum í gær. Eins og einn sérfræðingur sem blaðið ræddi við sagði, hefur ávöxtunarkrafan á þeim flokki ekki verið lægri síðan í október í fyrra þegar bankakerfið ríðaði til falls. Velta með þennan flokk er alla jafnan fremur lítil. Að sama skapi var töluverð velta með lengstu óverðtryggðu ríkisbréfin. Þeir sem blaðið ræddi töldu að eftirspurnin eftir þeim hefði fyrst og fremst komið frá stofnanafrjárfestum á borð við lífeyrissjóði. Sumir í hópi þeirra sérfræðinga sem blaðið ræddi við í gær bentu á að

áhrifin af frumvarpinu gætu hugsanlega orðið til þess að bankar þyrftu á einhverjum tímupunkti að hækka innlánsvexti til þess að mæta aukinni ásókn fjármangseigenda eftir skuldabréfum.

Frumvarpið hafi minnt innistæðueigendur á að óumflýjanlegt sé að ríkið muni á endanum draga til baka tryggingu sína á öllum innistæðum. Það útskýri eftirspurnina á skuldabréfamarkaðinum undanfarna daga. Verði hún áfram mikil og á kostnað innistæðna er ljóst að á einhverjum tímupunkti myndi þrýstingur á banka til þess að hækka vexti á innlánsreikningum sínum.

Ekki er þó gefið að svo verði. Eins og fyrr segir þá má rekja aukna eftirspurn á skuldabréfamarkaði til frumvarpsins og óvissunnar sem það skapadi. Stjórnvöld hafa enn og aftur ítrekað yfirlýsingar sínar um að allar innistæður séu tryggðar og allar breytingar á þeirri skipan mála yrðu gerðar með drjúgum fyrirvara. Þó svo að yfirlýsingin hafi ekki lagagildi þá gilda neyðarlögin ennþá og komi upp sú aðstæða að tryggja þurfi allar innistæður þá hafa stjórnvöld fulla heimild til þess.



Ríkisbankinn Landsbanki selur kvóta

Útgerðarfyrirtækið Festi ehf. í sölu

FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF Landsbankans hefur verið falið af skiptastjóra þrotabús útgerðarfyrirtækisins Festi ehf. að sjá um sölu á rekstri og eignum þess. Starfsemi félagsins felst í rekstri útgerðar og fiskvinnslu í Hafnarfirði sem samanstendur af sex bátum, fiskvinnslu og aflaheimildum.

Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði útgerðarfélagið Festi gjaldprotta 5. nóvember. Fyrirtækið hafði átt í langvarandi erfðileikum, líkt og fram kom í fréttum á þeim tíma. Landsbankinn var einn þeirra aðila sem lagt höfðu fram kröfu um að félagið yrði tekið til gjaldprotaskipta.



Fimm tilboð í Steypustöðina

FIMM tilboð bárust í nýtt hlutafé Steypustöðvarinnar ehf., sem fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka er með í söluferli. Þeim þremur tilboðsgjöfum, sem átta hæstu tilboðin verður gefinn kostur á áframhaldandi þátttöku í söluferlinu. Ekki hafa fengist upplýsingar um hverjum skiluðu inn tilboðum eða hverjum var boðið að halda áfram.

Endanlegum tilboðum ber að skila í síðasta lagi 16. desember næstkomandi.

Glitnir yfirtök Steypustöðina sumarið 2008 þegar félagið fór í þrot og er hún að fullu í eigu dótturfélags Íslandsbanka, Miðengi. bjarni@mbl.is


Hægt að fylgjast með virkni auglýsinga

FORRITID Smelltu gerir auglýsendum kleift að fylgjast nákvæmlega með því hversu vel auglýsingaborðar á vefsíðum virka og til hversu margna þeir ná. Forritið er það fyrsta sem sprotafyrirtækið Transmit ehf. þróa en markmið þess er að þróa forrit sem hjálpa markaðsfólki að koma skilaboðum sínum á framfæri.

Agnar Sigmarsson hjá Transmit segir hugmyndina að forritinu hafa vaknað af nauðsyn. „Ég á, ásamt systur minni, þróður og mági, litla bókaútgáfu. Við auglýsum bækur okkar eingöngu á netinu og þegar við fórum á stj á var engin leið fyrir okkur að vita hvar

best væri að auglýsa og hvar við fengjum mest fyrir peningin. Við höfum því hönnun á forritinu, sem hefur litið dagsins ljós á www.smelltu.is.“

Segir Agnar að með ákveðnum undantekningum hafi auglýsendur ekki getað séð með nákvæmum hætti hvar auglýsingafjármagni þeirra er best varið á netinu og hvort skilaboðin sem þeir vilja senda eru að komast til skila. „Smelltu leysir þetta vandamál. Með því að setja kóða í vefauglýsingu getur auglýsingastofa eða annað fyrirtæki fylgst nákvæmlega með því hve oft auglýsing birtist og hversu oft er smellt á hana.“



Auglýsingar Smelltu gefur notanda færi á að bera saman virkni einstakra auglýsingaborða á mismunandi vefsíðum og kostnað við hvern smell.